

Aðalfundur 2008 – verðhækkun 1. apríl – matvælaverð

Aðalfundur 2008

Aðalfundur Auðhumla vegna ársins 2007 var haldinn að Hlöðum á Hvalfjarðarströnd þann 11. apríl síðastliðinn. Egill Sigurðsson stjórnarformaður félagsins flutti skýrslu stjórnar og undirritaður rakti það helsta í starfsemi Auðhumla og Mjólkursamsölnnar á síðasta ári og hvað væri framundan. Þá var einnig gengið frá hefðbundnum aðalfundarstörfum á borð við samþykkt reikninga, kosningu stjórnar og skoðunarmanna, ákveðið tillag í stofnsjóð og ýmislegt annað.

Heildarsala Auðhumla nam 12,6 milljörðum króna á síðasta ári og var rekstrartap 588 milljónir króna en að teknu tilliti til fjármagnstekna var tap ársins 196 milljónir króna. Þetta var meðal annars vegna þess að iðnaðurinn tók á sig verðstöðvun á mjólk og mjólkurafurðum á síðasta ári sem kostaði mjólkuriðnaðinn um einn milljarð króna. Efnahagur félagsins er traustur en eigið fé samstæðunnar var 8.206 milljónir króna um síðastliðin áramót og niðurstaða efnahagsreiknings var 12.131 milljón króna þannig að eiginfjárhlutfallið er 68%.

Fram kom á fundinum að hagræðingar aðgerðir á vegum Mjólkursamsölnnar hafa skilað félaginu tæplega 250 milljónum króna í bættan rekstur á síðasta ári. Rekstrarumhverfið er hins vegar mjög erfiitt, laun hafa hækkað mikið, verð á innfluttum umbúðum og íblöndunarefnum hefur hækkað í erlendri mynt og veiking krónunnar hefur svo magnað hækkunina enn frekar. Tap Mjólkursamsölnnar á síðasta ári var 556 milljónir króna fyrir skatta. Ef ekkert verður að gert mun tap þetta hækka verulega á þessu ári. Mjólkursamsalan hefur undirbúið viðamiklar hagræðingaraðgerðir á mörgum sviðum sem eru til þess fallnar að lækka kostnað félagsins. Mikilvægt er að flýta þeim aðgerðum eins og kostur er og að rekstur félagsins nái jafnvægi fyrir árslok. Til

að slíkt geti orðið þarf Mjólkursamsalan að draga úr kostnaði sem svarar til 6-700 milljónum króna á ársgrundvelli.

Miklar og góðar umræður voru á aðalfundinum. Fulltrúar lýstu yfir áhyggjum sínum af rekstrinum og hvöttu stjórnendur til að grípa til ráðstafana til að ná rekstrinum á réttan kjól. Mikil umræða var um stofnsjóðinn og hvernig félagið ætti að vaxtareikna hann á móti mögulegri arðgreiðslu á innlagða mjólk. Töluverð umræða var um félagslegt bakland mjólkurbænda og kom fram mikill vilji hjá flestum að sjá nánara samstarf milli félagsmanna Auðhumla og mjólkurbænda í Skagafirði.

Ekki varð mikil breyting á stjórn félagsins en úr stjórn gekk Haraldur Þórarinnsson, Laugardælum, en í hans stað var kosinn Björn Harðarson, Holti. Stjórn félagsins skipa því núna:

Egill Sigurðsson Berustöðum (formaður), Erlingur Teitsson Brún (varaformaður), Guðrún Sigurjónsdóttir Glitstöðum (ritari), Björn Harðarson Holti, Birna Þorsteinsdóttir Reykjum, Hörður Grímsson Tindum og Stefán Magnússon Fagraskógi. Varamenn voru kosnir Pétur Diðriksson Helgavatni, Arnar Bjarni Eiríksson Gunnbjarnarholti og Jóhannes Torfason Torfalæk II. Skoðunarmaður (til tveggja ára) var kosinn Gunnar Sverrisson Hrosshaga og varamaður hans var kosinn Magnús Hannesson Eystri-Leirárgörðum.

Verðhækkun – 1. apríl


Verðlagsnefnd búvöru samþykkti 14,6% verðhækkun til handa þeim mjólkurafurðum sem falla undir nefndina sem er hækkan um 1.898 milljónir króna. Þessi ákvörðun gerir okkur kleift að hækka mjólkurverð til bænda um 14,04 kr/l eða heil 28% eða samtals 1.643 milljónir króna. Þegar hækkan á mjólkinni er dregin frá þá jafngildir þessi hækkan 2% hækkan á afurðum m.v. heild-

söluverð eða 255 milljónir króna og er þá sú upphæð sem verður eftir hjá iðnaðinum. Þrátt fyrir að fjárhæðin sé veruleg nægir hún engan veginn til að jafna út þær miklu hækkanir sem hafa orðið á öllum aðföngum og því mikilvægt að MS leiti allra leiða til hagræðingar eins og áður hefur verið greint frá.

Hækkandi matvælaverð

Undanfarna daga og vikur höfum við verið að fá fréttir utan úr heimi þar sem hefur verið greint frá mótmælum og róstum vegna hækkanndi matvælaverðs víða um heim. Þannig hafa orðið mikil mótmæli á Haiti, í Egyptalandi og á Filippseyjum. Allt eru þetta fátæk ríki þar sem hækkanndi matvælaverð hefur mikil áhrif. Forsvarsmenn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans hafa báðir lýst yfir miklum áhyggjum vegna hækkanndi matvælaverðs og benda á að hækkanirnar geti ýtt hundruð milljóna manna yfir hungurmörkin og orðið til þess að hungursneyð herji á mörgum stöðum í heiminum. Þetta eru viðsjárverðir tímar og ótrúleg umskipti sem hafa orðið á stuttum tíma. Matvælaverð sem fór lækkanndi síðustu áratugi síðustu aldar hefur tekið stefnuna upp á við og eru skýringarnar meðal annars vaxandi millistétt í Asíu, fjölgun mannkyns, skortur á jarðnæði og vatni og svo að lokum framleiðsla á orkuefnum úr landbúnaðarvörum. Það á að vera forgangsverkefni ríkja heimsins að koma í veg fyrir meiri háttar hungursneyð í heiminum og leita leiða til að snúa við þeirri óheillabróun sem orðið hefur á verði allra helstu nauðþurfta.

Með bestu kveðju



Auðhumla – breytt skipulag

Á liðnu ári var lögð áhersla á að einfalda rekstur Auðhumlu og aðlaga að þeim breytingum sem orðið hafa á skipulagi mjólkuriðnaðarins með tilkomu Mjólkursamsölnnar, þannig að félagið hafi betri tíma til að einbeita sér að kjarnastarfsemi sinni. Stefnumótun félagsins var endurskoðuð og síðan kynnt ítarlega á deildafundum í vetur.

Um síðastliðin áramót var gerð sú breyting að Guðbrandur Sigurðsson, sem áður hafði gegnt forstjórastarfi bæði hjá Auðhumlu og Mjólkursamsölnni færði sig alfarið yfir til Auðhumlu.

Aðrir starfsmenn Auðhumlu í byrjun árs 2008 eru Gunnar Jónsson sem er skrifstofustjóri og sér um fasteignir félagsins, Björn Ingimarsson sem sér um reglubundin uppgjör og sinnir ýmsum öðrum hagdeildarmálum, Agnar Friðriksson sem sinnir útflutningsmálum og Sigrún Halldórsdóttir sem er aðstoðarmaður forstjóra.



Guðbrandur



Gunnar



Björn



Agnar



Sigrún

Aðalfundur Auðhumlu svf.



Myndarlegur hópur fundargesta að Hlöðum á Hvalfjarðarströnd.



Frá vinstri Garðar Eiríksson skrifstofustjóri MS og Guðmundur Geir Gunnarsson mjólkurbússjóri MS Selfossi á atkvæðaveiðum. Að baki þeim stendur Benóní Torfi Eggertsson endurskoðandi.



Jóhannes Torfason á Torfalæk í ræðustól, sitjandi frá vinstri eru Guðbrandur Sigurðsson forstjóri Auðhumlu, Egill Sigurðsson stjórnarformaður Auðhumlu og Jóhanna Hreinsdóttir, Káraneskotí sem var fundarstjóri.



Baldur Helgi Benjamínsson frkv.stjóri LK og Snorri Sigurðsson Hvanneyri, fyrrv. frkv.stjóri LK ræða málin.



Ný stjórnarmaður Auðhumlu, Björn Harðarson Holti.



Fráfarandi stjórn og forstjóri, aftari röð frá vinstri Stefán Magnússon, Egill Sigurðsson, Hörður Grímsson og Haraldur Þórarinsson, fremri röð frá vinstri Guðrún Sigurjónsdóttir, Birna Þorsteinsdóttir, Erlingur Teitsson og Guðbrandur Sigurðsson.



Skoðunarmenn Auðhumlu, frá vinstri Elvar Eyvindsson Skiðbakka og Gunnar Sverrisson Hrosshaga.

Bændakynning

Nafn: Jóhann Gísli Jóhannsson, 48 ára.

Bú: Breiðavað í Eiðapínghá á Fljótsdalshéraði, 8 km frá Egilsstöðum. Við leggjum inn hjá MS Egilsstöðum.

Heimilishagir:

Maki Ólöf Ólafsdóttir. Við eigum 4 dætur, þær eru Eyvör Björk f. 1981, Ragnhildur Ýr f. 1987, Helga Rún f. 1989 og Guðlaug Margrét f. 1993.

Búskapur:

Mjólkurframleiðsla, allir nautkálfar eru aldir til kjöfframleiðslu. Einnig er skógrækt og skjólbeltarækt stunduð á um 40 ha svæði í samvinnu við Héraðs- og Austurlandskóga. Hestar eru á bænum til gamans.

Hvenær hófstu búskap:

Við hófum búskap 1980 ásamt foreldrum mínum, en tókum svo alfarið við búinu upp úr 1990.

Hvað hefur breyst mest frá því að þú byrjaðir búskap:

Miklar breytingar hafa orðið á allri vinnu á sveitabæjum. Nú í dag er algengt að hjón reki stór tæknivædd kúabú án aðkeypts vinnuafis. Einnig má segja að vélvæðing við allt er snýr að vinnu bóndans sé mikið breytt.

Hver eru sóknarfærin í búskapnum í dag:

Aukin mjólkurframleiðsla og bætt nýting á heimaöfluðu fóðri. Einnig verðmæti í kolefnisbindingu skóga og skógarafurðum.

Hvar kreppir skóinn í búskapnum:

Innflutningur á fersku kjöti gæti valdið miklum erfiðleikum í öllum greinum landbúnaðarins. Vextir og verðbólga geta valdið bænum miklum vanda á næstu mánuðum, einnig ber að varast lög og reglugerðir sem eru lítt hugsaðar.

Framtíðaráform þín:

Þau eru einfaldlega að reyna ávallt að gera betur og skila þekkingu og reynslu til komandi kynslóða.



Góð ráð til MS og Auðhumlu:

Stjórn Auðhumlu þarf að muna að hún er kjörin til að stjórna MS og á að gæta hagsmuna sinna félaga. MS á að sjá um að allar starfsstöðvar þess séu reknar af metnaði og í góðu samstarfi við starfsmenn.

Tilvonandi mjólkurfræðingar

Mánudaginn 31. mars sl. hófu þrjú mjólkurfræðinemar danska hlutann af mjólkurfræðináminu með heimsókn á Dalum skólann í Óðinsvéum. Þau skoðuðu byggingar skólans undir leiðsögn Paul Stein Jensen kennslustjóra og hittu skólastjórann Hans Skjærning og fleiri. Bóklega námið hefja þau þar 13. október í haust og útskrifast sem mjólkurfræðingar í ágústlok 2010. Þá hafa þau lokið þriggja ára iðnámi, þar af 50 vikum bóklegum á Dalum.

Með þeim voru einnig fulltrúar frá þeim samlögum sem nemarnir munu dvelja hjá næstu 3 mánuði við störf og dönskunám.

Á myndinni eru frá vinstri: Eva Hrund Aðalbjarnardóttir frá Selfossi, Niels Henrik Lindhardt frá Åbybro á Norður-Jótlendi,



Paul Stein Jensen, kennslustjóri, Nick Nørreby frá Thise á Jótlandi, Jón Stefán Friðjónsson frá Akureyri og Brynleifur Hlynsson frá Akureyri. Á myndina vantar fulltrúa frá Naturmælk á Suður-Jótlendi.

Niðurstöður úr júgurbólgu sýnum hjá MS Selfossi 2007

Á árinu 2007 sendu 164 framleiðendur, eða 61% af öllum framleiðendum á svæði Rannsóknarstofu MS Selfossi, 7129 spenasýni. Úr 3381 sýnum eða 47,4% ræktaðist ekkert og 441 eða 6,2% reyndust ónothæf vegna óhreininda. Dýralæknar Dýralæknamiðstöðvarinnar á Hellu taka og greina sýni sjálfir.


Tafla 1 – Greindir sýklar og innbyrðis skipting þeirra 2007

Sýkill	Tíðni 2007	Hlutfall 2007
<i>S. agalactiae</i>	1	0,0%
<i>S. disgalactiae</i>	25	0,8%
Ógreindir streptokokkar	27	0,8%
<i>S. uberis</i>	419	12,7%
CN Stafýlokokkar	1761	53,3%
<i>S. aureus</i>	617	18,7%
Fekalir streptokokkar	46	1,4%
<i>C. bovis/A. pyogenes</i>	324	9,8%
<i>E. coli</i>	80	2,4%
Ger	1	0,0%

Algengast er að stafýlokokkar greinist og eru coagulasa neikvæðir stafýlokokkar (CNS) algengastir. Sú þróun sem hafði verið stöðug undanfarin 7 ár að hlutfallsleg tíðni CNS ykist og tíðni *S. aureus* minnkaði virðist hafa stöðvast og jafnvel orðið einhver viðsnúningur (mynd 1). CNS fylgja yfirleitt vægar sýkingar, sem oft ganga yfir án annarrar meðhöndlunar en að hreinsa vel úr spenanum í nokkur skipti og oftast er ekki er lyfjameðferð óþörf. Hann getur verið skaðvaldur en læknast oft nokkuð auðveldlega.

Hlutfallsleg tíðni *S. uberis*, helst svipuð frá ári til árs. *S. uberis* er penisillínnæmur og er umhverfisbaktería.

Mynd 1 – Þróun á tíðni sýkinga með *S. aureus*, CNS, *S. uberis* og *Corynebacterium* og *Actinomyces*



Greining á *Corynebacterium* og *Actinomyces* hefur aukist mikið. Hér er um tvær

skyldar tegundir að ræða og er önnur, *A. pyogenes*, tengd ígerðum. Hún fannst í 22 tilfellum og yfirleitt með mjög hárrí frumutölu. Hin tegundin er *C. bovis* og hefur ekki verið talin valda júgurbólgu en virðist stundum tengjast hárrí frumutölu. Ástæða þess að þessar tegundir greinast oftast er sú að þær þurfa lengri ræktun og ræktunartíminn hefur verið lengdur í þeim tilfellum að ekkert hefur sést eftir sólarhring.


Corynebacterium og *Actinomyces* eru allt af penisillínnæmar, en líklega er ekki rétt að meðhöndla *C. bovis* nema í upphafi eða lok mjaltaskeiðs.

Ég óttast að fjölgun lausagöngufjösa gæti orðið til þess að *E. coli* sýkingum fjölgi.

Það er ekki útséð um það en það er samt eftirtektarvert að slíkum sýkingum hefur fjölgað hægt og bitandi frá 2003.

Coagulasa neikvæðir stafýlokokkar voru penisillínnæmir í 86% tilfella. *S. aureus* var penisillínnæmur í 61% tilfella. Penisillínnæmi Stafýlokokkanna hefur minnkað frá fyrri árum. Þess vegna hefur penisillínnæmum sýkingum fækkað heldur frá undanförunum árum, eru nú 81% af öllum sýkingum (mynd 2).

Mynd 2 – Þróun penisillínnæmis



Því miður virðist vera að við sjáum bakslag í penisillínnæmi. Penisillínnæmi hefur minnkað undanfarin tvö ár. Þessar niðurstöður eiga vissulega aðeins við um þau sýni sem hafa verið greind á þessari rannsóknarstofu og frá þeim búum sem sendu inn sýni.


Þorsteinn Ólafsson



Frumutalan hækkar á svæði MS Selfossi

Margfeldismeðaltal frumutölu úr tanksýnum á svæði MS Selfossi hélt áfram að hækka milli ára og var 245 þúsund árið 2007 (mynd 3).

Mynd 3. Þróun frumutölu.



Möguleg skýring á neikvæðri þróun í frumutölu, sýklasamsetningu og penisillínónæmi gæti verið aukin krafa um framleiðslu þannig að kýr með léleg júgur eru látnar lifa lengur en heppilegt er. Með stækkandi búum má

einnig búast við að horft sé meira á hjörðina í heild heldur en einstaklingana og hvatinn er meiri til þess að auka framleiðsluna heldur en að horfa til gæðanna, ef ekki tekst með góðu móti að framleiða úrvalsmjólk.

Þessi þróun er öfugsnúin. Að mörgu leyti er fagmennska í mjólkurframleiðslunni að aukast, en því miður hefur ekki alltaf tekist til sem skyldi í endurbótum og stækkun fjósa þannig að ýmislegt varðandi velferð kúnna og hreinlæti þyrfti að vera betra. Í alsjálfvirkum fjósum hefur sýnataka vafist fyrir mönnum og það berast ekki nein sýni úr mjög mörgum af stærstu fjósum. Hvernig lyfjagjöf er háttað í þeim fjósum veit ég ekki, en það má vel vera að úr sumum fjósum berist ekki sýni vegna þess að hreint penisillín virkar svo vel að ekki er þörf á ræktun.

Því miður er enginn sem hefur yfirsýn yfir hvernig júgurheilbrigði er í fjósum á Íslandi.

Það er engin samræmd heilsufarsskráning og sýklagreining er mjög glöppótt.

Frumutalan segir ekki nema litla sögu, hún segir ef til vill meira um metnað og vilja bóndans til þess að framleiða góða vöru en hvernig júgurheilbrigði kúnna er.

Það getur ef til vill eftir metnað bænda að segja frá því að MFM frumutölu var undir 101 þúsund í 52 mánaðarinnlögnum eða 1,6%. Í 1. flokk A fór 34,4%, í 1. fl. fór 61%, í 2. fl. fór 4% og í 3. fl. 0,6%. Það skal tekið fram að þetta er aðeins samkvæmt frumutölunni, gerlatalan getur í einhverju tilfellum hafa fellt mjólkina. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir þá sem lentu í því að 146 sinnum var lögð inn mjólk með að minnsta kosti 5% verðskerðingu vegna frumutölu, fyrir utan verðskerðingu vegna gerla eða lyfja.

Þorsteinn Ólafsson

Nýir áfangar í framvindu hagræðingar og framfara hjá MS Akureyri

Öflugt sölukerfi

MS Akureyri riður á vaðið og tekur í gagnið nýtt sölukerfi í Navision. Til stendur síðan að allt fyrirtækið fylgi í kjölfarið í maí nk. Navision sölukerfið leysir af hólmi Concorde viðskiptamannakerfið sem hefur verið í notkun hjá MS Akureyri á undanförunum árum.

Dreifing á Austurland

Eins og stefnt var að hófst þann 31. mars dreifing frá MS Akureyri á öllum vörum fyrir Austurland allt að Djúpavogi. Fylgir þetta í kjölfarið á þeirri hagræðingu að neyslumjólk fyrir Austurland er nú einnig pakkað á Akureyri.



Á myndunum getur að líta starfsmenn við tiltekt á vörum á Akureyri og flutningabíl MS sem dreifir á Austurland.



Á myndinni til hægri eru starfsmenn MS á Egilsstöðum að koma fyrir vörum í bílinn sem fór fullastaður um kl. 16:00 af stað í fyrstu ferðina. Þessar ferðir eru nú daglega (virka daga) og við það batnar þjónusta við viðskiptavini á þessu svæði til muna. Í því felst að tíðni ferða kemur í veg fyrir vöruvöntun og lengra lifir af geymslupoli vörunnar þegar hún berst verslunum.

Ný pökkunarvél - Tetra 7

Í tengslum við fyrrgreindar breytingar var nýlega tekin í notkun pökkunarvél af gerðinni Tetra Rex 7. Það leiðir til meiri hagkvæmni fyrir félagið einnig hvað varðar innkaup á umbúðum sem eru nú af sama tagi fyrir nánast allt dreifingsvæðið utan Reykjavíkur. Hjá MS Akureyri er pakkað í Tetra Rex nýmjólk, léttmjólk, undanrennu, rjóma og súrmjólk. Pökkun í 2 lítra fernur hefur verið aflögð.



Hækkun á lágmarksverði mjólkur frá 1. apríl 2008

Verðlagsnefnd bývöru hefur ákveðið nýtt lágmarksverð á mjólk til framleiðenda. Lágmarksverðið gildir frá 1. apríl 2008 og er **64,00 kr/ltr** miðað við 1. flokks meðalmjólk (mjólk með skilgreindu efnainnihaldi).

Samsetning meðalmjólkur er óbreytt og er eftirfarandi:

Fita 4,00% og prótein 3,35%

Vægi efnaþátta í grundvallarverði mjólkur verður óbreytt hlutfall af afurðastöðva-verði:

Fita 25% og prótein 75%

Frá og með 1. apríl 2008 verður því verð á hverja fitu- og próteineiningu eftirfarandi:

Fita 4,00 kr/ein eða 16,00 kr/ltr

Prótein 14,3284 kr/ein eða 48,00 kr/ltr

Útreikningur á verði til framleiðenda pr. lítra mjólkur verður því skv. (1) og heildargreiðsla til framleiðanda fyrir innvegna mjólk skv. (2).

(1) $(4,0000 * F\%) + (14,3284 * P\%)$
= **kr. á lítra mjólk**

(2) $(4,0000 * \text{fitueiningar í mánuði}) + (14,3284 * \text{próteineiningar í mánuði})$
= **samtals greitt fyrir innlagða mjólk**

Útgefandi Auðhumla og MS

Ábyrgðarmaður:
Guðbrandur Sigurðsson

Ritstjóri:
Sigrún Halldórsdóttir, sigrunh@ms.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst Auðhumla og MS á opnum veltvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra, Guðbrandi Sigurðssyni, í síma 569 2200.

Sala á mjólkurvörum í mars 2008

Mars	2007 kr.	2008 kr.	Mism. kr.	Mism. %	2007 ltr/kg	2008 ltr/kg	Mism. ltr/kg	Mism. %
Ferskvörur	667.119.416	603.881.706	63.237.710	-9,5%	4.748.937	4.179.315	-569.622	-11,99%
Ostar og smjörvörur	399.294.929	420.996.064	21.701.135	5,4%	586.067	625.268	39.201	6,69%
Samtals:	1.066.414.345	1.024.877.770	-41.536.575	-3,9%				
Janúar-mars	2007 kr.	2008 kr.	Mism. kr.	Mism. %	2007 ltr/kg	2008 ltr/kg	Mism. ltr/kg	Mism. %
Ferskvörur	1.849.850.614	1.853.440.949	3.590.335	0,2%	13.377.871	12.960.687	-417.184	-3,12%
Ostar og smjörvörur	1.098.806.295	1.227.277.121	128.470.826	11,7%	1.633.060	1.795.307	162.247	9,94%
Samtals:	2.948.656.909	3.080.718.070	132.061.161	4,5%				

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2007-2008

Landið september-mars:	2007-2008	2006-2007	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	69.769.400	68.241.206	1.528.194	2,24%
Greiðslumark	117.000.000	116.000.000	1.000.000	0,86%
Nýting greiðslumarks	59,63%	58,83%		

Landið janúar-mars:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	31.748.809	31.411.322	337.487	1,07

Vikunnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
9	2.482.835	2.490.967	-8.132	-0,33%
10	2.488.028	2.503.626	-15.598	-0,62%
11	2.518.589	2.514.583	4.006	0,16%
12	2.546.240	2.519.522	26.718	1,06%
13	2.531.327	2.523.672	7.655	-0,30%
Samtals:	12.567.019	12.552.370	14.649	0,12%

Yfirlit mælinga hjá MS í mars 2008

Tímabil	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala MFM	Frumut. MFM	Fjöldi
V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ									
1/03/08-4/03/08	4,03	3,32	2,58	0,50	6,50	-0.544	15	239	219 2.815

Líftala í þúsundum hjá MS í mars 2008

% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu

0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
89,02	95,88	99,47	0,14	0,32	0,07